

Brekka í Dýrafirði

Fyrirhugað skógræktarverkefni

Ágúst 2025

Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana



Formáli

Eigendur jarðarinnar Bakka í Brekkudal í Dýrafirði tilkynna um fyrirhugaða stækkun skógræktarlands á jörðinni. Heildarsvæði framkvæmda er áætlað 47,1 ha, en áætlað er að gróðursetja í um 41 ha af því svæði. Fyrir er ræktaður skógur á jörðinni, 23,4 ha, sem gróðursett var á árunum 1949-1960 og aftur 2010-2022.


Fyrirhugað skógræktarsvæði er á náttúruminjaskrá yfir aðrar náttúruminjar og er því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið iii. 2. greinar 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. „311. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskoru fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með sögum ínum“ (Af vef Umhverfisstofnunar. Náttúruminjaskrá. Sótt 10.7.2024; slóð: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir>)

Fyrirhuguð stækkun liggur á bilinu 80 til 140 m hæð yfir sjávarmáli ofan Hrafnseyrarvega í Brekkudal (landsvegur 626), í suður frá brekkuháls að Þverár (Mynd 2). Stærstur hluti landsins er á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarland á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar en efsti hluti þess nær inn á Hverfisverndarsvæði H1.

Skógurinn verður hannaður með það fyrir augum að hann falli sem best að landslagi. Skógarjaðrar verði misþéttir og misháir með eyðum og mismunandi trjátegundum, í efstu jaðrar verður um að ræða gísna birki gróðursetningu eða birkiþyrpingar. Ekki er talið að skógrækt muni rýra þau verndarákvæði sem tilgreind eru á náttúruminjaskrá.


Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að rækta fjölnytjaskóg sem skili af sér viðarnytjum, bindi kolefni og auki frjósemi lands. Skógurinn mun einnig draga úr vindálagi þar sem norðaustan- og austanáttir yfir Brekkuháls ofan Brekku eru megin vindáttir og mynda kröftuga vindsveipi á svæðinu (Mynd 1)¹.



Mynd 1. Vindörvar sem sýna vindafar í Brekkudal. a. Vindstefnu (vindur blæs að miðju), b. Kröftugustu vindhviður, c. Vindhraði.

¹ <https://globalwindatlas.info/en/>



Mynd 2 Afstöðumynd af fyrirhuguðu skógræktarsvæði, litað bleikt. Eldra skógræktarsvæði er í rauðum ramma.

Skipulag

Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er stærstur hluti svæðisins skilgreint sem landbúnaðarland og samkvæmt skipulaginu telst skógrækt til landbúnaðar. Um fjórðungur fyrirhugaðs skógræktarsvæðis innan hverfisverndarsvæði H1 (Mynd 2) og er áætlað að gróðursetja þar birki eins og kveðið er á um í aðalskipulagi um skógrækt á hverfisvernduðum svæðum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Um framkvæmdina

Fyrirhugað skógræktarsvæði er 47,1 hektarar að stærð og er gert ráð fyrir að planta um 88.000 plöntum í um 41 ha. Framkvæmdatími er áætlaður 5 ár. Svæði sem ekki verður plantað í er verndarsvæði raflína og ljósleiðara, vegslóðar með raflinum, mýrlendi og brunnsvæði vatnsbóla. Þau svæði sem ekki verðu planta í verða hluti skógræktarsvæðisins, mynda eyður í skóginum og skógarjöðrum, auka fjölbreytni bæði með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni og ásýndar. Svæði liggur í milli 80 og 140 metra hæð yfir sjávarmáli. Landeigendur nýttu landið til beitar uns fjárbúskap lauk á Brekku árið 2018 en síðan hefur fé af nágrannabæjum gengið á landinu á sumrin. Svæðið er hlíðin ofan Hrafnseyrarveggar í Brekkudal í suður frá Brekkuhálsi, litað bleikt á Mynd 2. Neðan vegar er eldra skógræktarsvæði, Mynd 2, sem var að stærstum hluta gróðursett árin 2010-2015 og 2022. Plantað var í reiti innan eldra skógræktarsvæðis annarsvegar af


Ungmennafélaginu á Þingeyri árin 1949-1960 og hins vegar af fyrri ábúendum á 9. ártug liðinnar aldar.

Gera má ráð fyrir að skógarumhirða hefjist þegar skógurinn fer að nálgast 30 ára aldur og verður þá um að ræða fyrstu grisjun þar sem gert er ráð fyrir grisja lerki og greni skóg sem er um 4 m hár úr 1.800 – 2000 tré á hektara í um 1.000 tré á hektara.

Gróðursetning

Gert er ráð fyrir að gróðursetja um 88.000 plöntur í 41 ha á 5 árum. Gert er ráð fyrir að gróðursetja mestmegnis lerki (60%) , sitkabastarð (15%) og birki (25%) (Mynd 3). Birki verður plantað í hverfisverndarsvæði og jaðra sem og í lundi innan svæðisins. Gert er ráð fyrir að birki verði gróðursett gisið 1.200-1.600 plöntur á ha í lundi/eyjar og það muni svo þéttast er fram líður. Lerki, rússalerki, verður mest gróðursett enda líður því afar vel í þurrum og rýrum jarðvegi, sem á um stærstan hluta þess svæðis sem gróðursetja í. Það sýnir sig einnig að vera sú tegund sem lifir og vex best í eldri skógræktarreitum á jörðinni. Einnig er stefna að fá Hrym, lerkiblanding af rússalerki og evrópulerki, en þar sem framboð af Hrym hefur verið af afar skorum skammti er ekki á það að treysta. Sitkabastarður verður gróðursett í frjósamari svæði. Þéttleiki lerki og greni gróðursetninga verður um 2.400 plöntur á ha.

Um 5 árum eftir gróðursetningu fer fram úttekt á lifun og vexti. Fari hlutfall lifandi plantna niður fyrir 70% mun verður gróðursett í eyður með það að markmiði að ná meðal þéttleika plantna í 2.000 plöntur á ha.



Mynd 3. Fyrirhuguð gróðursetning eftir megingrundum.

Áburðargjöf

Borin veður tilbúin áburður á allar plöntur við gróðursetningu um 12 gr á plöntu alls um 1.050 kg. Sem samsvarar tæpum 26 kg/ha. Ekki er gert ráð fyrir frekari áburðargjöf.

Jarðvinnsla

Ekki er gert ráð fyrir vélvinnslu. Á rýrustu svæðum verður engin jarðvinnsla en á grasi vöxnum svæðum er gert ráð fyrir flekkjun með fæti eða handverkfæri, þar er um að ræða grunnt sár í svörð ca 10*10 cm

Vegir slóðar


Svæðið liggur meðfram hrafnsýrri vegi og einnig eru slóðar innan þess til að þjónusta raflínur. Ekki er gert ráð fyrir slóðalagningu vegna skógræktarinnar.

Girðingar

Gert er ráð fyrir að girða tvær girðingar samtals um 1.6 km (Mynd 4). Annarsvegar frá núverandi bæjargirðingu og upp Brekkuháls. Hins vegar innan við þverá niður hlíðina með vegi og tengja þá girðingu við túngirðingar á Brekku með grindarhlíði yfir hrafnsýrri veg.

Varnarefni

Engin varnarefni verða notuð í tengslum við skógræktina.



Mynd 4. Girðingar

Fornminjar

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á svæðinu. Hlaðin rétt eru einu minjar sem vitað er um (Mynd 2) um hana er dregin 15m verndarsvæði eins og segir til um í lögum um menningarminjar.

Rafmagnslínur

Um svæðið liggur 33 kv háspennu lína frá Mjólkárirkjun og 11 kv jarðstrengur frá spennustöð á Þingeyri (Mynd 5)².

Við áætlunargerð skógrækar er miðað að fjarlægð trjáa til háspennulínu miðist við 20 - 25 m og jarðstrengs 5 m líkt og ráðlagt er í leiðbeininga riti landsnets³.

Ljósleiðarar

Meðfram 11 kv jarðstreng liggur ljósleiðari frá Snerpu um Brekkudal yfir að Hólum. Míla er með tvo strengi sem liggja annarsvegar ljósleiðari með hrafnseyrarvegi og hinsvegar ljósleiðari sem liggja í helgunarsvæði háspennulínu. Lagnaleið ljósleiðara eru merkt með gulum stikum á yfirborði og verður ekki gróðursett í helgunarsvæði ljósleiðara.

Mýrlendi

Innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis eru votlendis svæði um 1 ha að flatarmáli, Mynd 7. Ekki verður gróðursett í votlendi.

Vatnsverndarsvæði

Innan svæðisins eru tvö vatnsból sem þjóna mannabústöðum og útihúsum á Brekku. Brunnsvæði þeirra eru afgirt, afmörkuð og njóta verndar (Mynd 6). Fyllstu varkárni verður gætt til að tryggja að gróðursetning valdi ekki mengun í vatnsbólum. Lítil sár verða gerð í svörð, með fæti eða handverkfæri, fyrir hverja plöntu og áburðargjöf er um 12 gr á plöntu og hvorugt atriði er talið hafa áhrif á útskolun næringar eða að óhreinindi berist í vatnsból.


Fyrirhugað skógræktarsvæði er innan grunnvatnshlotsins Vestfirði 101-274-G sem er mjög víðfeðmt eða um 1.978 km². Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á vatnshlotið sem slíkt. Svæðið er í grennd við straumvatnshlotið Sandá 101-463-R. Sömuleiðis er talið að ekki muni gæta áhrifa á viðkomandi straumvatnshlot.



Mynd 5. Heil lína sýnir 33 kv háspennu línu frá Mjólká. Brotin lína sýnir 11 kv jarðstreng frá Þingeyri. Af kortasjá OV.

² <https://www.map.is/orkubu/>

³ <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>



Mynd 6. Vatnsból Brekkubúsins og brunnsvæði.

Fuglar

Ekki hafa farið fram fuglatalningar á jörðinni. Rannsóknir sem hafa verið unnar á fuglalífi í Dýrafirði eru að mestu tengdar sjávarströndinni, vegna vega- og brúarframkvæmda og athuganna á sjófuglum⁴,⁵. Gera má ráð fyrir að hlíðin þar sem skógrækt er áætluð laði að sér algenga landfugla sem nýta sér smáhæðir, steina og minna gróin svæði til varps og fæðuöflunar. Henti síður votlendis eða sjófuglum. Tilfinning ábúenda er að fuglalíf á svæðinu kallist mögulega á við talningar í Önundarfirði⁶. Þar í hallandi og bröttu landi einkennist fuglalíf meira af spörfuglum en mófuglum en mófuglar séu niðri á flatanum við tún og framræst stykki. Gera má ráð fyrir að tegundir sem finnast á svæðinu séu t.d. þúfuttlingur, sólskríkja, steindepill, hrossagaukur, skógarpröstur, heiðlóa og spói. Skógrækt ætti ekki að fela í sér ógn við fuglalíf, heldur breyta yfirbragði búsvæðis smám saman. Eftir því sem gróðurþekja hækkar bætast við tegundir sem laðast að skóglendi á meðan opin hluti landsins, t.d. helgunarsvæði lagna og vega,

⁴ https://nave.is/wp-content/uploads/2021/04/Bodvar_THorisson_og_THorleifur_Eiriksson_2007_Greinagerd_um_fuglalif_vid_Sanda_i_Dyrafirdi_NV_nr._09-07.pdf


⁵ https://nave.is/wp-content/uploads/2021/04/Bodvar_THorisson_og_THorleifur_Eiriksson_2008_Dyralif_i_Onundarfirdi_og_Dyrafirdi_Fuglar_NV_nr._19-08.pdf

⁶ https://nave.is/wp-content/uploads/2021/04/Hafdis_Sturlaugsdottir_Cristian_Gallo_og_Bodvar_THorisson._2013._Grodur_og_fuglar_vid_Holsa_Kalda_og_THvera_i_Onundarfirdi_Unnid_fyrir_orkuver_NV_nr.pdf

hentar áfram tegundum sem vilja lága gróðurþekju. Því má gera ráð fyrir að fuglalíf muni auðgast og fara vel fram með fyrirhugaðri skógrækt á svæðinu.

Gróðurfar

Gróðurfar svæðisins færist frá því að vera afar rýrt nyrst með ógrónum melum og mosapembu yfir í krækilyngmóa (mynd 7). Er sunnar dregur færist gróðurfar yfir í graslendi. Jarðvegur er almennt grunnur. 0-5 cm í rýrustu svæðum en dýpkar er sunnar dregur, þar víða 5-25 cm djúpur. Jarðvegur grynnist er ofar dregur, er dýpri í lautum sérstaklega neðst. Í lautum og mýrar flákum nær jarðvegisdýpt 70-100 cm.



Mynd 7 Gróðurfarskort af fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Mýra svæði eru litur rauð.



Mynd 8. Gróðurfar um miðbik fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.